

MANNRÉTTINDASTEFNA ÍSAFJARÐARBÆJAR

SANNGIRNI - VIRÐING - JAFNRÉTTI - SJÁLFSTÆÐI



ÍSAFJARÐARBÆR
isafjordur.is

Mannréttindastefna Ísafjarðarbæjar

Allir eru jafnir fyrir lögum og eiga að njóta mannréttinda. Lýðræðisþjóðfélag byggir á því að ólíkir hagsmunir og sjónarmið séu viðurkennd og virt. Mannréttindi eru varin í stjórnarskrá Íslands, alþjóðlegum mannréttindasáttmálum og yfirlýsingum sem Íslendingar eiga aðild að. Ákvæði þeirra eru til grundvallar mannréttindastefnu Ísafjarðarbæjar ásamt nógildandi lögum í jafnréttislöggjöf.

Mannréttindastefna Ísafjarðarbæjar leggur áherslu á jafnrétti í víðu samhengi, en hún nær til allra þjóðfélagshópa og endurspeglar margþætt hlutverk og skyldur sveitarfélagsins þar sem jafnræði íbúa og mannréttindi eru höfð að leiðarljósi. Stefnan veitir heildstæða sýn í þágu íbúa og hefur þann tilgang að vinna gegn mismunun. Með því að stuðla að jafnrétti og mannlegri reisn er lagður grunnur að velferð einstaklinga, fjölskyldna, atvinnulífs og samfélagsins alls.

Markmið

Íbúar Ísafjarðarbæjar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku, þroska hæfileika sína og njóta mannréttinda óháð kyni, uppruna, trúarbrögðum, kynhneigð, aldri, efnahag, fötlun, heilsufari eða annarrar stöðu.

Til að ná þessu markmiði skal Ísafjarðarbær, stofnanir hans og aðrir sem í hlut sinn fá beina styrki til starfa frá sveitarfélaginu, stuðla að því að mannréttinda- og jafnréttissjónarmiða sé gætt við stefnumótun, áætlanagerð og ákvörðunartöku. Áhersla skal vera á að jafna stöðu allra kynja og efla samþættingu kynjasjónarmiða.

Ísafjarðarbær skal vinna að jöfnum áhrifum og tækifærum íbúa á vettvangi sveitarfélagsins og fyrirbyggja mismunun. Mannréttindastefna Ísafjarðarbæjar nær til stjórnsýslu bæjarins, starfsmanna hans og allrar starfsemi og þjónustu sem veitt er á vegum stofnana sveitarfélagsins.

Eftirlit og framkvæmd stefnu

Mannréttindi eru oft drifkraftur breytinga og framþróunar. Þau grundvallast á samþykktum lögum og reglum um mannlega reisn, sanngirni, virðingu, jafnrétti og sjálfstæði. Með eflingu og vernd mannréttinda er stuðlað að sjálfbærri þróun í samfélaginu. Þegar mannréttindi eru höfð að leiðarljósi er hægt að hafa jákvæð áhrif á lífsskilyrði og umhverfi.

Mannréttindastefna Ísafjarðarbæjar felur í sér aðgerðarbundna áætlun sem tilgreinir leiðir til að viðhalda og efla jafnrétti, jöfn tækifæri og vernd gagnvart mismunun. Gerð er grein fyrir aðgerðum, ábyrgðaraðilum og þeim tímaramma sem vinna skal eftir. Þar með er fylgt eftir skyldum sveitarfélaga í jafnréttismálum samkvæmt núgildandi lögum.

Samkvæmt 12. grein jafnréttislaga skulu sveitarstjórnir skipa jafnréttisnefndir að loknum sveitarstjórnarkosningum. Velferðarnefnd fer með hlutverk jafnréttisnefndar hjá Ísafjarðarbæ. Velferðarnefnd skal fjalla um mannréttindi og jafnrétti innan Ísafjarðarbæjar, vera ráðgefandi fyrir bæjarstjórn í málefnum er varða jafnrétti og fylgjast með og hafa frumkvæði að aðgerðum til að stuðla að jöfnum tækifærum. Þá skal nefndin afhenda Jafnréttisstofu skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála innan bæjarins annað hvert ár, samkvæmt beiðni frá stofnuninni.

Bæjarstjóri, sviðsstjórar og mannauðsstjóri sjá um framkvæmd og eftirfylgni mannréttindastefnu innan sinna sviða, í samvinnu við velferðarnefnd og bæjaryfirvöld. Það er hlutverk velferðarnefndar að sjá stofnunum og starfsfólki bæjarins fyrir fræðslu og ráðgjöf um mannréttinda- og jafnréttismál. Þá hefur velferðarnefnd umsjón með úttektum og rannsóknum á kjörum og stöðu kynjanna innan bæjarkerfisins.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Mannréttindastefnan skal vera í sífelldri þróun eins og önnur stefnumótun. Vinna skal tillögu að nýrri mannréttindastefnu á grundvelli reynslu, verkefna og niðurstaðna kannana.	Velferðarnefnd.	Lokið tveimur mánuðum áður en gildistími eldri áætlunar rennur út.

Ísafjarðarbær sem stjórnvald

Stjórnkerfi Ísafjarðarbæjar þarf að vera fyrirmynd atvinnulífsins. Ísafjarðarbær leggur áherslu á mannréttindi, jafnræði og að rödd allra heyrist. Ísafjarðarbær vill byggja á samtakamætti íbúa og samfélagsins alls við að ná settum markmiðum og hvetur alla til virkrar þátttöku. Stuðlað er að þekkingu og aðgengi starfsfólks og íbúa að mannréttindastefnu Ísafjarðarbæjar. Stjórnsýsla bæjarins á að vera fordæmisgefandi fyrir aðra aðila í sveitarfélaginu.

Jafnréttissjónarmiða skal gætt við gerð áætlana og í hvers kyns stefnumótun í sveitarfélaginu. Áhersla á jafnan rétt kvenna og karla skal vera sýnileg í starfsemi sveitarfélagsins, með tilliti til þess að fyrri skilgreiningar á karlkyni eða kvenkyni eiga ekki lengur við. Réttur fólks til skilgreiningar á eigin kyni skal vera ótvíræður.

Nefndir, ráð og stjórnir

Við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum sveitarfélagsins skal þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna er 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Við tilnefningar skal leitast við að veita öllum tækifæri til þátttöku í nefndum og ráðum og mikilvægi fjölbreytni höfð að leiðarljósi.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Hlutfall kynja í nefndum, ráðum og stjórnnum skal kannað árlega og ábendingum um úrbætur komið til viðeigandi aðila. Skoða skal kynjahlutfall formanna nefnda sérstaklega.	Velferðarnefnd og bæjarstjórn.	Samantekt gerð í september ár hvert.

Sambætting mannréttindasjónarmiða

Við stefnumótun og áætlunargerð á vegum sveitarfélagsins, stofnana þess og sviða skal hugað sérstaklega að misjöfnum áhrifum fyrirhugaðra breytinga á kyn, þjóðerni, aldur, og fötlun, sé hún til staðar. Hið sama gildir um ákvarðanatöku innan stjórnsýslunnar og stofnana eftir því sem við getur átt. Mannréttindi eru mál samfélagsins í heild og mikilvægt að samþætta starfsemi sveitarfélagsins.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Fræðsla um samþættingu mannréttindasjónarmiða fyrir alla bæjarfulltrúa, fulltrúa í nefndum og stjórnendur.	Velferðarnefnd, bæjarstjórn, bæjarstjóri og sviðstjórar.	Lokið í maí 2021.
Gerð gátlista fyrir stofnanir Ísafjarðarbæjar með það að markmiði að fylgja eftir ákvæðum stefnunnar.	Velferðarnefnd.	Lokið desember 2020.
Kynning og innleiðing gátlista um framgang mannréttindastefnunnar	Velferðarnefnd.	Hafið í janúar 2021.

Jafnréttisstefna

Allir vinnustaðir Ísafjarðarbæjar með 25 starfsmenn eða fleiri, hlutafélög og fyrirtæki sem bærinn er aðaleigandi að og félög sem hafa fasta styrktarsamninga við hann skulu gera aðgerðabundna jafnréttisstefnu í samræmi við 18. gr. jafnréttislaga.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Stofnanir setji sér jafnréttisstefnu eða samþætti jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína þar sem sérstaklega er kveðið á um markmið og gerð áætlun um hvernig þeim skuli náð. Við gerð jafnréttisstefnu skal sérstaklega horft til greina 19, til og með 23, í jafnréttislögum.	Stjórnendur þeirra stofnana og vinnustaða sem við á.	Á þriggja ára fresti kallar velferðarnefnd eftir upplýsingum um jafnréttisáætlanir stofnana. Næst árið 2021.

Kynning á stefnunni

Íbúar og starfsfólk þekki og séu upplýstir um markmið Mannréttindastefnu Ísafjarðarbæjar.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Almenningur fái kynningu og upplýsingar um mannréttindastefnu Ísafjarðarbæjar og að hún sé aðgengileg á ytri vef bæjarins.	Velferðarnefnd.	Lokið í október 2020.
Starfsmenn fái kynningu og upplýsingar um mannréttindastefnu Ísafjarðarbæjar.	Mannauðsstjóri.	Lokið september 2020

Greining tölfræðiupplýsinga

Í opinberri hagskýrslugerð um einstaklinga, og í viðtals- og skoðanakönnunum skal greint á milli kynja við söfnun gagna, úrvinnslu þeirra og birtingu upplýsinga nema sérstakar ástæður, svo sem persónuverndarhagsmunir, mæli gegn því.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Velferðarnefnd skal sjá til þess að gerð verði úttekt á stöðu kynjanna á skilgreindum sviðum, sem velferðarnefnd ákveður í hvert sinn.	Velferðarnefnd.	Við lok hvers kjörtímabils.

Ísafjarðarbær sem vinnuveitandi

Ráðningar

Ísafjarðarbær sem atvinnurekandi, skal vinna að því að vinnustaðir hans endurspegli fjölbreytileika íbúa sem best. Með markvissum aðferðum stal unnið að því að jafna stöðu kynjanna og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf. Áhersla er lögð á að jafna hlut kynjanna í stjórnunar- og áhrifastöðum.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Laus störf standi opin öllum kynjum. Í atvinnuauðlýsingum eru einstaklingar óháð kyni hvattir til að sækja um.	Mannauðsstjóri og næsti yfirmaður umsækjanda, eða eftir atvikum, bæjarstjórn.	Alltaf.
Við ráðningu starfsmanns skal sérstaklega horft til þess að jafna hlut kynjanna í viðkomandi starfsgrein og gæta jafnræðis.	Mannauðsstjóri og næsti yfirmaður umsækjanda, eða eftir atvikum, bæjarstjórn.	Alltaf.

Starfsþjálfun og endurmenntun

Ísafjarðarbær sem atvinnurekandi, stofnanir og fyrirtæki hans skulu tryggja að starfsfólk hafi sömu möguleika til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar óháð kyni, aldri eða öðrum breytum eftir atvikum. Hugað skal að því að starfsfólk hafi jöfn tækifæri til að að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings fyrir önnur störf.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Tryggja að jafnir möguleikar séu í boði fyrir starfsfólk þegar kemur að starfsþjálfun og endurmenntun.	Mannauðsstjóri og yfirmaður viðkomandi stofnunar.	Alltaf.

Starfsskyldur og fjölskyldan

Ísafjarðarbær sem atvinnurekandi, stofnanir og fyrirtæki hans skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að starfsfólki verði gert kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu eins og kostur er.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Ráðstafanir skulu gerðar þannig að við skipulagningu á starfi og vinnutíma verði bæði tekið tillit til fjölskylduaðstæðna starfsmanns og þeirra krafna sem viðkomandi starf gerir til hans, þ.m.t. að stafsmanni verði auðveldað að koma aftur til vinnu eftir fæðingarorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra fjölskylduaðstæðna.	Stjórnendur þeirra stofnana og vinnustaða sem við eiga.	Alltaf. Sérstök áhersla í starfsmannasamtölum.

Launajafnrétti

Einstaklingum sem starfa hjá Ísafjarðarbæ og stofnunum hans skulu greidd sömu laun og njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Ísafjarðarbær innleiði jafnlaunastaðalinn ÍST:85 og öðlist jafnlaunavottun.	Bæjarstjóri.	Vinnu við innleiðingu staðals skuli lokið undir lok árs 2020.
Ísafjarðarbær innleiði jafnlaunastefnu.	Bæjarstjóri.	Lokið í maí 2020.
Launagreining framkvæmd reglulega til að tryggja að kynbundinn launamunur sé ekki til staðar.	Mannauðsstjóri.	Lok rekstrarárs sem endar á oddatölu.

Hvers kyns ofbeldi og áreitni

Framkoma sem felur í sér einelti, ofbeldi, fordóma og kynbundna eða kynferðislega áreitni er ekki liðin. Ísafjarðarbær, yfirmenn stofnana og félagasamtaka, skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstaðingar verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Hvers kyns ofbeldi og áreitni er ekki liðin á vinnustöðum Ísafjarðarbæjar.	Allt starfsfólk.	Alltaf.
Stefna og viðbragðsáætlun gegn einelti, áreitni og ofbeldi sé til staðar og aðgengileg á opnum vef Ísafjarðarbæjar.	Mannauðsstjóri.	Alltaf.
Stefna og viðbragðsáætlun gegn einelti, áreitni og ofbeldi kynnt á nýliðanámskeiðum.	Mannauðsstjóri og stjórnendur.	Tvisvar á ári.
Stjórnendum og starfsmönnum á vinnustöðum bæjarins standi til boða fræðsla um kynferðislega og kynbundna áreitni og einelti.	Velferðarnefnd, sviðsstjórar og mannauðsstjóri.	Almenn fræðsla annað hvert ár að hausti. Einnig eftir þörfum innan vinnustaða.

Skólastarf, tómstundir og íþróttastarf

Í uppeldis- og tómstundastarfi, menntun og fræðslu skal samþætting kynja- og annarra jafnréttissjónarmiða höfð að leiðarljósi. Áhersla skal lögð á jákvæð samskipti og gagnkvæma virðingu í starfi með börnum og unglingum og skapa tækifæri til persónubroska. Við stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi skal samþætting kynjasjónarmiða höfð að leiðarljósi. Ekki skal á nokkurn hátt mismuna börnum þegar kemur að menntun og íþróttastarfi og tómstundastarfi.

Skólastarf í Ísafjarðarbæ

Í leik- og grunnskólum Ísafjarðarbæjar skulu nemendur hljóta fræðslu um mannréttinda- og jafnréttismál þar sem lögð er áhersla á að búa nemendur undir jafna þátttöku á öllum sviðum samfélagsins, þ.m.t. í fjölskyldu- og atvinnulífi. Að sama skapi skal í starfsemi tónlistarskóla gæta framangreindra sjónarmiða.

Í náms- og starfsráðgjöf skal þess gætt að nemendur njóti fræðslu og ráðgjafar um sömu störf. Á hverjum tíma skal skoða fyrirkomulag jafnréttisfræðslu í leik- og grunnskólum bæjarins.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Tryggt að kennslu- og námsgögn mismuni ekki og hafi mannréttindasjónarmið að leiðarljósi.	Fræðslunefnd og skólastjórnendur.	Við upphaf hvers skólaárs.
Tryggja að allir nemendur njóti sömu þjónustu varðandi fræðslu og ráðgjöf um atvinnulífið.	Fræðslunefnd og skólastjórnendur.	Við upphaf hvers skólaárs.
Tryggja að allir nemendur fái fræðslu um mannréttinda- og jafnréttismál.	Skólastjórnendur.	Við upphaf hvers skólaárs.

Tómstunda- og íþróttastarf

Kynjasamþættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í íþrótt- og tómstundastarfi. Allir skulu hafa jöfn tækifæri til þátttöku í tómstunda- og íþróttastarfi hjá þeim félögum sem hafa fasta styrktarsamninga við Ísafjarðarbæ.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Sett verði í samninga Ísafjarðarbæjar við félög sem sinna íþrótt- og tómstundastarfi ákvæði um samþættingu kynjasjónarmiða.	Viðkomandi nefndir Ísafjarðarbæjar.	Gerð fjárhagsáætlunar hvert ár og endurskoðun samninga.

Lagt fyrir velferðarnefnd þann xxxxxxxxxxxx

Lagt fyrir bæjarstjórn þann xxxxxxxxxxxx

Samþykkt af bæjarstjórn þann xxxx

